

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2016, mánudaginn 15. febrúar kl. 15:55, var haldinn 141. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Hörður J. Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sigurður Eggertsson, Elínóra Inga Sigurðardóttir og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Rafn Sigurðsson frá Íbúasamtökum Háaleitishverfis, Bergný Sævarsdóttir frá Íbúasamtökum Bústaða og Fossvogs, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Suðurlandsbraut 18. Lagt fram bréf dags. 19.01. 2016 frá USK um breytingu á deiliskipulagi. Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við breytingarnar.
2. Grensásvegur 16 A- Síðumúli 37- 39. Lagt fram bréf dags. 05.02.2016 frá USK með tillögu að deiliskipulagi. Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við breytingarnar.
3. Íbúafundur var með borgarstjóra 27. janúar um hverfisSKIPULAGIÐ. Fundurinn var haldinn í Breiðagerðisskóla. Hörður Oddfríðarson segir frá heimsókn borgarstjóra í hverfið og ýmsum málum sem rædd voru á íbúafundinum. Fjölmenni var á fundinum og líflegar umræður.
4. Formaður hverfisráðs kynnir fyrirhugaðan Íbúafund 16. febrúar í RÚV húsinu vegna deiliskiplags RÚV lóðar.
5. Kostnaður vegna breytinga á Háaleitisbraut á milli Miklubrautar og Brekkugerðis. Svar við fyrirspurn fulltrúa framsóknar og flugvallarvina. Framkvæmdastjóri greinir frá svari USK um að heildarkostnaður við breytingarnar hafi verið 57 milljónir.
6. Betri hverfi. Framkvæmdastjóri greinir frá stöðu verkefna sem hlutu kosningu í verkefninu betri Reykjavík. Ákveðið að fá umsjónarmann verkefnisins á næsta fund hverfisráðs.
7. Heilsueflandi hverfi. Verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar segir frá þróun innleiðingar verkefnisins í hverfinu. Starfandi er forvarnar - og heilsueflingarteymi PLH sem skipað er fulltrúum frá hinum ýmsu starfsstöðvum borgarinnar í hverfinu. Unnið er eftir aðgerðaráætlun sem samþykkt var fyrir áramót. Verkefnið hefur verið kynnt á vettvangi skólastjórnenda grunnskólanna í hverfinu og verður á dagskrá Austurbæjarlaufunnar í lok febrúar. Upphaf málsins er undirritun samstarfssamnings borgarinnar um lýðheilsu við embætti landlæknis árið 2013 og er nú talað um Reykjavíkurlíkanið í sambandi við heilsueflandi samfélag - heilsueflandi borg.
8. Hitaveitustokkur. Formaður segir frá áhuga á menningarmerkingum í hverfinu og þá sérstaklega sögulegri merkingu hitaveitustokksins sem liggur í gegnum hverfið.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

Hverfisráð Háaleitis og Bústaða hvetur til þess að við deiliskipulags RÚV lóðar verði leitað allra leiða til að vernda hitaveitustokkinn á þeim stað þar sem hann er. Hann hefur mikla þýðingu fyrir íbúa beggja hverfa auk þess að sameina þau. Að sama skapi býr hann yfir miklu menningarsögulegu gildi.

Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni á framfæri.

9. Bréf dagsett 15. febrúar 2016 frá stjórn Íbúasamtaka Háaleitis og stjórn Foreldrafélags Háaleitisskóla um aðstöðu barna í hverfinu. Í bréfinu er aðstaða barna á skólalóðum og til íþróttaaðstöðu gagnrýnd. Einnig er aðkoma borgarinnar að framkvæmdum á þessum svæðum gagnrýnd. Í lok bréfs er þess krafist að ákvörðun borgarráðs frá 11.02.2016 verði endurskoðuð og ákveðið að endurnýja gervigrasvöllinn í Safamýri. Einnig er óskað eftir aðkomu íbúasamtakanna og foreldrafélagsins að samningum við Knattspyrnufélagið Fram.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

Hverfisráð telur tímabært að endurnýja gervigrasvöll við Safamýri burtséð frá því hvort Fram flytur eða ekki. Völlurinn nýtist og mun nýtast áfram undir íþróttastarfsemi fyrir börn og ungmenni. Hverfisráð telur mjög mikilvægt að Fram svari hið fyrsta þeirri spurningu hvort og þá hvenær þeir muni flytja starfsemi sína svo eyða megi óvissu hverfisbúa um framtíð íþróttastarfsemi fyrir börn og unglunga.

Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni á framfæri.

Fundi slitið kl. 17:45

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Hörður J. Oddfríðarson (Sign)

Sigurður Eggertsson (Sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)

Elínóra Sigurðardóttir (Sign)